Fyrsti íslenzki Pétur og úlfurinn

TÓNLIST

Háskólabíó

Sinfóníutónleikar

★★★☆☆

Tryggvi M. Baldvinsson: Stúlkan í turninum (frumfl.). J. Haydn: Píanókonsert í D Hob.XVIII:11. Schumann: Sinfónía nr. 4 í d Op. 120. Edda Erlendsdóttir píanó og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Stjórnandi: Kurt Kopecky. Fimmtudaginn 15. nóvember kl. 19:30.

BÓKMENNTAARFUR Íslendinga myndi án efa þykja tónskáldum nágrannaþjóða öfundsverður, með öllum sínum auðuga kveðskap á ómenguðu móðurmáli allt frá víkingaöld – og megnið af honum enn ótónsett! En gæti hins vegar verið að hann skorti bitastætt efni við hæfi barna og unglinga? Alltjent kvað sagnadansagreinin fátækleg hér miðað við önnur Norðurlönd, og þjóðsögur og ævintýr sömuleiðis, a.m.k. hjá fjársjóði á við sagnabálk H.C. Andersens sem fleiri en dönsk tónskáld ausa enn úr af kappi.

Þetta kom ósjálfrátt upp í hugann þegar maður las orð Tryggva M. Baldvinssonar í tónleikaskrá um að hann hefði leitað fanga í þegar tvisvar tónsettri sögu Jónasar Hallgrímssonar um „Stúlkuna í turninum“ – jafnvel þótt tilefni stórafmælis listaskáldsins góða hafi sett Tryggva þrengri skorður í textavali en ella.

Hvað sem því líður þá er ekki annað hægt að segja en að tónskáldinu hafi tekizt vel upp með verki sínu ætluðu SÍ til flutnings í skólum. Inntakið var í samræmi við það, enda markmiðið augljóslega hvorki að vera frumlegur né framsækinn.

Aðalstefið kinkaði m.a.s. ofurlitlum kolli til *Péturs og úlfsins* Prokofjevs og tónmálið spannaði brezk-þýzk-rússneska rómantík og nýklassík. Mismikið kryddað hljómferlið náði reyndar allt fram í ævintýramyndir Hollywood, með Hringadróttinssögu og Harry Potter í fersku minni, án þess þó að bæri neins staðar á beinni lántöku. Þótt varla sæti neitt stefjanna beinlínis eftir í mér við fyrstu heyrn, og lengdin (29 mín.) virtist fullvel útilátin, þá var litrík hljómsveitarmeðferð Tryggva afar kunnáttusamleg og útkoman oftast bráðhress, þökk sé ekki sízt eitilsnörpum lúðrablæstri. Tónskáldið fór sjálft með hlutverk sögumanns og tókst allvel upp, utan hvað uppmögnunin reyndist of veik á sterkari brass-stöðum.

Einleikari kvöldsins, Edda Erlendsdóttir, hefur í mörg ár gert garðinn frægan jafnt í dvalarlandi sínu Frakklandi sem víðar. Viðfangsefnið var sá vinsælasti af annars tiltölulega lítt kunnum píanókonsertum Haydns í D-dúr (1784). Af einhverjum ástæðum virtist henni stundum fatast flugið í I. þætti. En í svífandi fallega hæga miðþættinum, er stóð samsvarandi tónsmíðum Mozarts í engu að baki, komst uppsöfnuð músíkölsk reynsla á fegursta skrið, og þótt vottað gæti fyrir úthaldsleysi í „ungverska“ lokaþættinum þá small hann í heild vel fyrir horn.

Kurt Kopecky sýndi þetta kvöld að stjórnendahæfileikar hans ná út fyrir sérsvið óperunnar. M.a.s. í 4. og síðustu hljómkviðu Schumanns (1841/51), er vafðist að formgerð jafnt fyrir höfundi sem samtíðarhlustendum. Ekkert er auðveldara en að gera hjakkandi óskapnað úr þessu verki, en þó að Kopecky hefði stundum mátt teygja ögn markvissara úr rúbatóum á kaflaskilum hélt sveitin yfirleitt vel samstilltum dampi undir skýrri stjórn hans.

Tónleikaskráin bryddaði upp á þeirri athyglisverðu nýjung að rifja upp fyrri flutning dagskrárliða með SÍ neðanmáls, auk þess að geta tilurðarára verka í efnisskrá. Verður vonandi framhald á því.

Ríkarður Ö. Pálsson



Morgunblaðið/Einar Falur

Portrettmálarinn „Þetta hefur verið þrotlaus vinna í eitt og hálft ár,“ segir Birgir Snæbjörn.

Með vottorð upp á fegurð

Í VESTURSAL Kjarvalsstaða eru 56 alheimsfegurðardrottningar komnar upp á veggi, í jafnmörgum málverkum Birgis Snæbjörns Birgissonar. Sýningin, sem verður opnuð klukkan 16 í dag, nefnist *Ljóshærð ungfrú heimur 1951* –. Birgir Snæbjörn hefur getið sér orð fyrir persónuleg myndverk, einkum málverk, en einnig postulínsmyndir af fólki úr ólíkum starfsstéttum. Verkin hans einkennast af afar ljósum litum, áhorfandinn þarf iðulega að hafa fyrir því að sjá myndirnar.

„Ég er ekki að fjalla um konurnar sem persónur, ég er frekar að velta fyrir mér efniviðnum og ímyndinni. Hvað þýðir það að vera með vottorð upp á fegurð? Og hvað þýðir það þegar ég er búinn að gera þær allar ljóshærðar og með blá augu?“

Hann segir vísað í ljóskuþemað, „en einnig vakna spurningar um það hvernig við tákngerum lit, pólitískt og samfélagslega.

Mér finnst það henta þessu myndefni vel að mála svona ljóst. Ég nálgast þetta með hlutleysi og læt áhorfandann svo um að skerpa myndina.“

Áreiðanleiki skáldskaparins

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús

D6, Hreinskrift, Karlotta Blöndal

Til 6. jan. 2008. Opið alla daga frá kl. 10-17.



Morgunblaðið/G.Rúnar

Miðils-bekkur „Karlotta fjallar um það hvernig upplýsingum er miðlað, hvernig þær eru meðteknar, túlkaðar og kannski líka hvernig þær skolast til.“


INNSETNING Karlottu Blöndal byggist á heimildum rannsóknar á miðilsfundi, hljóðupptökum og handskrifuðum skilaboðum. Rannsókn listakonunnar beinist að formi rannsóknarinnar frekar en að innihalda upplýsinga þeirra er þar koma fram. Karlotta fjallar um það hvernig upplýsingum er miðlað, hvernig þær eru meðteknar, túlkaðar og kannski líka hvernig þær skolast til. Miðlun sem slík er því aðalumfjöllunarefni hennar er hún skapar lifandi innsetningu með bekk, veggteikningu, ljósmynd og myndbandi. Birting myndbandsins á athöfn sem átti sér stað í sýningarrýminu og sýndi myndverk hengt upp og tekið niður á víxl endurtekur vinnuaðferð listakonunnar hvað miðilsfundinn varðar, hér er um endurvarp að ræða frá einhverju sem liðið er.

Miðilsfundur er áhugavert dæmi um miðlun upplýsinga og mannleg samskipti, upplýsingar eru sagðar koma frá öðrum heimi sem getur aftur minnt á þá staðreynd að allar upplýsingar sem við fáum berast svo að segja úr öðrum heimi og að miðillinn sem færir okkur þær brenglar þær óhjákvæmilega, áreiðanleiki þeirra er því vafasamur. Orðið miðill kemur fyrir í mörgum myndum í nútímasamfélagi og tengist sjaldnast þeirri tegund miðils sem hér er í aðalhlutverki, heldur er átt við fjölmiðla, eða þegar um listamenn er að ræða er t.d. sagt að þeir vinni verk sín í marga miðla.

Fræg setning Marshall McLuhan kemur einnig upp í hugann, „The medium is the message“; merkingin felst í miðlinum sjálfum. Þannig sver Karlotta sig í ætt við hugmyndalist liðinnar aldar en leikræn stemningin sem svífur yfir vötnum tengir verk hennar samtímanum. Ekki er hægt að horfa framhjá óbeinum tilvísunum í eðli fjölmiðla og upplýsingamiðlunar en undirliggjandi er tilfinning fyrir skáldskaparkrafti og sannleika sem ekki byggist á staðreyndum.

Ragna Sigurðardóttir

Einstakt tækifæri að kynnast íslensku brúðuleikhúsi



Opið hús í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg í dag frá kl. 13.00 – 17.00.
Lifandi brúðuleiklist og sýning á leikbrúðum Jóns E. Guðmundssonar og fleiri íslenskra brúðulistamanna.

Dagskrá:
14.00: Leikbrúðuland: Selurinn Snorri
16.00: Gangandi brúðuleikhús: Petruschka og óheppnu götulistamennirnir (frumsýning á Íslandi).

Aðgangur er ókeypis í boði Landsbankans.

LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Landsbankinn